

**Nd.**

**260. Frumvarp til laga**

[73. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

1. tl. 2. gr. laganna hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 200 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 45 000 kr. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu,  $\frac{1}{4}$  af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

3. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði a), b) og d)
2. að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði c) og d)
3. að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði a) og b), enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tl. 2. gr.
4. að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 3. gr. staflíði a), b), c) og d).

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.